

Mættir: Kristján Geirsson, Edda Guðrún Pálsdóttir, Ragnheiður Garðarsdóttir, Magnús Andrésdóttir, Sóley Halla Þórhallsdóttir og Lóa Rut Reynisdóttir sem skrifaði fundargerð.

Fjarverandi: Svavar Kjartansson, Davíð Heimisson og Arnar Stefánsson

Heiðarskóli 11. janúar 2016 kl. 20:00

1. Jólafondur - uppgjör

Jólafondrið gekk vel. Margir mættu og var mikil ásókn í laufabrauðið í ár.

2. Staða reikninga

Farið var yfir stöðu félagsins og nú hafa 77% greitt félagsgjaldið.

3. Peysusala

Ákveðið var að hafa máttunardag á matsdaginn 20.janúar. Þá gefst foreldrum tækifæri til að panta og borga peysurnar á staðnum. Tillaga var um að nemendaráð stæði vaktina ásamt starfsmanni Heiðarskóla og tæki niður pantanir. Foreldrafélagið sér svo um að koma pöntuninni áleiðs og afhenda peysurnar.

4. Fræðsluáttak

„Ber það sem eftir er“. Fyrirlestur á vegum Vodafone verður sýndur á sal skólans 12.janúar. Boðið verður upp á kaffi og með því. Fyrirlesturinn tekur u.þ.b. 1 klst og 15 mín.

5. Skólastjóri

Sóley Halla skólastjóri fór yfir ákveðin mál með okkur, m.a. fjölgun nemenda í skólanum og plássleysi sem fylgir því, breytta umhverfisstefnu í skólanum og vangaveltur um skipulag á árs hátíð skólans. Einnig var rætt um breytt fyrirkomulag á jólahátíð og ákvörðunina um að hætta að gefa jólapakka. Að sögn Sóleyjar gekk þetta vel og almenn ánægja var með breytingarnar.

6. Vorhátíð

Ákveðið var að FFHS myndi grilla pylsur í hádeginu þann 2. júní í stað þess að vera með sér vorhátíð. Þann dag eru Heiðarleikarnir í skólanum og skertur dagur.

7. Önnur mál

Ákveðið var að stofna Facebook hóp fyrir stjórn FFHS.

Fundi slitið 21:30